

en ekki líka sem tekjur. Virðist það alveg hliðstætt því, að eignir skattþola hækki í verði.

Verður því ekki rjett, að telja skattþola til skattskyldra tekna 5000 krónur af innborgaðri skuld, sem skattanefndin áður hefir talið tapaða, og beri því lögtakþola ekki skylda til að greiða tekjuskatt 1923 af þeirri innborgun eins og skattanefndin þó hefir gert honum að greiða, en þá hefir lögtakþoli greitt allan þann tekjuskatt, sem honum ber rjettilega að greiða 1923 samkvæmt löglegum útreikningi og ber lögtakið því eigi fram að fara.

Mánudaginn 14. des. 1925.

Nr. 53/1925.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Gesti Guðmundssyni (Guðm. Ólafsson).

Bruggun og sala öls með óleyfilegu áfengismagni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 13. okt. 1925: Kærður Gestur Guðmundsson, sæti eins mánaðar einföldu fangelsi og greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Sje hin ídæmda sekt ekki greidd innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa komi í stað hennar einfalt fangelsi í 48 daga.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða þykir eftir atvikum málsins mega ákveða 700 kr. og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Gestur Guðmundsson greiði 700 kr. sekt í ríkissjóð og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi óraskað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Gest Guðmundssyni, Laugaveg 33, sem rekur veitingasölu á Laugaveg nr. 6, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og laga nr. 15 frá 8. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi, og eru málavextir þeir sem nú skal greina.

Kærður kveðst hafa haft atvinnu síðan í marsmánuði síðastliðinn vetur af því, að selja hvítöl, er hann bruggar sjálfur, en síðan í júnímánuði í ár hefir hann einnig selt mjólk og kaffi til neyslu á staðnum. Miðvikudaginn 9. f. m. fóru tveir lögregluþjónar inn á veitingastofu hans á Laugaveg 6, keyptu öl á heilösku úr tunnu, sem gestunum var selt úr, komu henni á efnafrannsóknarstofu ríkisins, ljetu rannsaka alkoholinnihald ölsins og reyndist það 2,59 % eftir rúmmáli. Hefir lögreglustjórinn síðan kært Gest fyrir brot á framangreindum lögum.

Kærður kveðst hafa ölmæli, sem þó er ekki nákvæmari en svo, að hann sýnir aðeins heila og hálfa hundraðshluta alkohols í ölinu. Með mæli þessum kveðst hann hafa mælt öl það, er hann bruggaði og þynnt ölið út, ef það kom fyrir, að það reyndist of sterkt. Hann kveðst ekki muna hvort hann hafi mælt þá ölbruggun, sem málið er rísið út af, áður en hann fór að selja af því, en kveðst hafa mælt það á ölmæli sinn rjett eftir að lögreglan keypti á flöskuna og virtist áfengisstyrkleikinn vera um 2,30%. Hann vjefengir ekki, að öl það, sem Efsarannróknarstofan hefir gefið vottorð um í þessu máli sje frá sjer og að mælingin sje rjett, en kveður það hafa orðið af vangá, að ölið hafi orðið of sterkt hjá sjer, en ekki í þeim tilgangi að brugga áfengi eða brjóta bannlögin. Hann kveðst hafa mælt á sinn mæli útlent og innlent pilsneröl, er hafi haft yfir 2,25% styrkleika að rúm-máli, og því haldið sjer óhætt, að selja hvítölið, þó áfengisstyrk leiki þess væri svipaður styrkleika pilsnerölsins.

Í lögunum nr. 25/1915 er bannað að búa til eða brugga drykki er meira sje í af vinanda eða alkoholi en $2\frac{1}{4}\%$ að rúm-máli og lög nr. 15/1925 leggja bann við því, að selja slíka drykki, kærður hefir því með bruggun og sölu ölsins gjörst brotlegur gegn ákvæðum beggja laganna.

Kærður hefir fjórum sinnum áður sætt refsingu fyrir brot gegn aðflutningsbannslöggjöfinni. Í fyrsta sinn undirgekt hann fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 13. júní 1922, 500 króna sektar-greiðslu fyrir að hafa selt 4 lítra af spiritus, 25. október s. á. undirgekt hann fyrir sama rjetti að greiða 600 króna sekt fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, sem fanst í vörslum hans; með dómi hestarjettar uppkveðnum 19. maí 1924 var kærður dæmdur í 1000 kr. sekt og 30 daga einfalt fangelsi fyrir sölu áfengis og fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, sem fanst í vörslum hans, og loks var kærður með dómi þessa rjettar uppkveðnum 6. nóvember f. á. dæmdur í 2000 króna sekt og 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi eftir 9. sbr. 15. gr. laga nr. 91/1917. Verður því ekki hjá því komist að ákveða refsingu hans fyrir framangreind brot eftir 3. gr. laganna frá 1915 og 14. gr. laganna frá 1925, 1000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist, að öðrum kosti með 48 daga einföldu fangelsi, og samskonar fangelsi í einn mánuð.

Svo greiði og kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 16. desbr. 1925.

Nr. 55/1925.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**Hallgrími T. Hallgríms og Hildi
Grandjean** (Pjetur Magnússon).

Bruggun og sala öls með óleyfilegu áfengismagni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. okt. 1925: Kærður, Hallgrímur T. Hallgríms, á að vera sýkn af kærú valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kærð, Hildur Grandjean, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Sje hin íðæmda sekt ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað hennar 18 daga einfalt fangelsi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að kærði Hallgrímur T. Hallgríms hafði eftir atvikum málsins ekki ástæðu til að ætla, að meira áfengi væri í hvítöli því, sem hann er kærður fyrir að hafa selt, en lög leyfa, ber að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm, af ástæðum þeim, er greinir í dóminum, og kemur vara-refsingin til framkvæmda, ef kærða Hildur Grandjean greiðir ekki sektina áður en mánuður er liðinn frá birtingu dóms þessa.

Kærða Hildur Grandjean á að greiða helminginn af öllum áfrýjunarkostnaði málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda í hæsta-